

Ed.

73. Frumvarp til laga

[43. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til frumvarp það um aðgerðir í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi næstu daga, hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar eð gert er ráð fyrir, að næstu daga verði lagt fyrir Alþingi frumvarp, sem m. a. feli í sér breytingar á aðflutningsgjöldum, þykir rétt með tilvisun til 19. gr. laga nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., að setja ákvæði um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, og er frv. þetta þess vegna borið fram.